

# and Björk, of course...

eftir  
Þorvald Þorsteinsson

2023 – 2024





# Ávarp

## Akureyrin í Þorvaldi

Það er ánægjulegt og tímabært að Leikfélag Akureyrar færi á svið leikrit eftir Þorvald Þorsteinsson. Ekki þarf að hafa mörg orð um ástæður þess, það liggur beinlínis í augum uppi.

Þorvaldur Þorsteinsson var svo undarlega fjölhæfur og frjór að engin leið er að ná utan um allt það sem eftir hann liggur. Hann var ekki einhamur í sköpun sinni og hugmyndaauðgi. Æviverkið sem hann fór frá þegar hann lést aðeins 52 ára gamall er verk margra manna að umfangi og fjölbreytileika. Myndlistin dygði ein og sér til að halda nafni hans á lofti um ókomna tíð en hún var þó bara ein deild af mörgum – eitt hólfi í stórri skjóðu. Rithólfið var jafnstórt og svo voru þarna enn fleiri hólfi fyrir kennslu, heimspeki og hugmyndalist, og þannig mætti lengi telja. Þessi skjóða var hins vegar úr mjúku efni og erfitt að henda reiður á hvaða verk lenti í hvaða hólfi þegar til kastanna kom. Ekki var auðséð hvar myndlistin endaði og ritlistin tók við, eða leikhúsið. Þar liggur efinn – og vandinn við að fjalla um Þorvald. Maður veit ekki hvar á að byrja – helst að reyna að finna sér nógu þröngt sjónarhorn.

Á Amtsbókasafninu á Akureyri hangir stórt málverk eftir Þorvald. Myndin heitir Kvöldferð og sýnir fjóra vini í einhvers konar skátaútilegu í skógi sem að vísu er kannski bara eitt nakið tré. Það er hálfrökkvað og einhver drungi í loftinu. Réttara væri þó að tala um skáldaútilegu í þessu tilfelli því þegar betur er að gáð eru hér engir skátar á ferð heldur fjögur norðlensk skáld og rithöfundar frá ólíkum tímum: Matthías Jochumsson, Jóhann Sigurjónsson, Jón Sveinsson (Nonni) og Þorvaldur Þorsteinsson. Þorvaldur er augljóslega sá sem veg og vanda hefur að þessu skáldapingi. Hann krýpur í bakgrunni og snýr í okkur bakinu (en við þekkjum hann á nefinu). Hann er þarna í hlutverki gestgjafans og gerir að fiski, skáti ávallt viðbúinn, jafnvel því að andans höfðingjar komi í heimsókn úr fortíðinni eins og draugar að nóttu.

Jóhann Sigurjónsson er sestur (eða lagstur) þunglyndislegur, einn yfir drykkju. Matthías og Nonni virðast hálftýndir og utan við sig, kannski hissa á að hafa brotist svona undan hömlum tíma og rúms til þess að hittast í húmdökkri næturkyrrð við Eyjafjörð. Þeir horfa ráðvilltir út úr

...

## Akureyrin í Þorvaldi

myndinni en hafa fátt að segja. Vonandi lifnar yfir þeim þegar fiskurinn er steiktur. „Í baksýn sér yfir Pollinn til Akureyrar, þar sem enn höfðu ekki verið byggð nein mannvirki þegar þessi kvöldferð var farin,“ segir í skýringu við hliðina á myndinni með rithönd Þorvaldar.

Kvöldferð var máluð 1987. Þorvaldur var þá 27 ára gamall. Hann átti að baki nám í Nýlistadeild MHÍ og var á leiðinni til Hollands í Jan van Eyck myndlistarakademíuna í Maastricht. Hann var uppnuminn af öllu því róti og þeim listræna tryllingi sem þyrlandist upp með nýlistadeildinni, en myndin – Kvöldferð – vísar þó inn í allt aðra deild.

Þorvaldur hafði árið áður gefið út Skilaboðaskjóðuna – barnabók með myndum sem sló í gegn. Hann var orðinn rithöfundur og á myndinni býður hann sjálfum sér í kvöldferð með skáldbræðrunum frá Akureyri og nærsveitum. Matthías og Jóhann eru þjóðþekktir fyrir leikrit sín og ljóð og Nonni fyrir drengjasögurnar vinsælu en vísast vita þeir, þarna í eilífðinni, að Þorvaldur á eftir að geysast eins og stormur inn á öll þeirra svið og slá þeim hvarvetna við. (Davið hefði alveg viljað vera þarna líka en af einhverjum ástæðum var honum ekki boðið).

Það er ýmislegt hægt að fabúlera um þessa einu mynd, sem er í raun sjálfsmynd þó Þorvaldur sé í bakgrunni. Í enn meiri bakgrunni er Akureyri, þar sem „enn höfðu ekki verið byggð nein mannvirki þegar þessi kvöldferð var farin,“ eins og við munum.

Akureyri bjó í hjarta Þorvaldar hvert sem hann fór en sú sambúð var ekki átakalaus. Nostalgían var lævi blandin. Stundum var hún eins og fleinn í holdi hans en alltaf sótti hann til hennar næringu og yrkisefni, harm og jafnvel stundum huggun. Yngsti drengurinn á Hamarstíg 27 var snemma (með)virkur þátttakandi í margbrotnum heimi hinna full-orðnu, stoð og stytta á heimilinu, opinn og næmur á samskipti og orðfæri fólksins í kringum sig, fyrirmyndarnemandi í Barnaskóla Íslands sem lá á að verða fullorðinn, góður og ábyrgur Akureyringur. Allt sem Þorvaldur skrifaði vísar til þessarar Akureyrar æsku hans sem var í senn full af heilnæmum eftirdæmum – hollustu til líkama og sálar – og yfir-lætisfullri minnimáttarkennd smábæjar sem speglar sig í lognsléttum Pollinum og sér þar borg.

...

## Akureyrin í Þorvaldi

Raddir þessara æsku- og mótunarára reyndust Þorvaldi botnlaus brunnur yrkisefna. Barnablaðið Vorið, drengjabækur Indriða Úlfssonar, fjölskylduboð og skátaútilegur, allt var þetta hráefni sem hægt var að vinna og endurvinna á þeim hárfínu mörkum sakleysis og sektar, gleði og harms sem Þorvaldur lék sér á af svo mikilli list og kæti. Málgláðar hetjur Vasaleikhússins; slökkviliðsmaður sem bjargar konu í brennandi húsi eða prestur sem ræðir við fanga fyrir líflát. Brothætt persónugalleríið í „And Björk of course“. Allt þetta góða fólk, fullt af óræðum kenndum undir næfurpunnu yfirborði, á ættir að rekja til Akureyrar.

Og þess vegna er við hæfi að Leikfélag Akureyrar heiðri Þorvald nú með uppfærslu á þessu magnaða verki sem hlýtur að flokkast undir klassík í íslenskum leikbókmenntum rétt eins og Fjalla-Eyvindur og Skugga Sveinn eftir skáldbræður hans, Jóhann og Matthías, frá Kvöldferðinni góðu (og Gullna hliðið eftir Davíð sem ekki fékk að fara með).

Við Þorvaldur vorum vinir frá því leiðir okkar lágu saman í MA í árdaga tímans. Í gegnum árin átti ég stundum erfitt með að skilja þetta hvikula samband hans við Akureyri en vissi þó að þar hékk margt fleira á spýtni í hyldjúpi hugans. En hvað svo sem grufla má í því getum við öll verið þakklát fyrir að samband Þorvaldar og Akureyrar var ekki átakalaust. Að öðrum kosti hefði margt verið óskrifað, ómálað og óskapað af því besta sem hann lét eftir sig.

**Hjörleifur Hjartarson**



# Leikarar

**Davíð Þór Katrínarson**

**Eygló Hilmarsdóttir**

**María Heba Þorkelsdóttir**

**María Pálsdóttir**

**Jón Gnarr**

**Sverrir Þór Sverrisson**

**Urður Bergsdóttir**









# Davíð Þór Katrínarson

Davíð Þór Katrínarson útskrifaðist úr Stella Adler Academy árið 2015. Hans fyrsta verk efni eftir útskrift var hlutverk Andrésar í Ræmuni í uppsetningu Borgarleikhússins og hlaut hann sína fyrstu Grímutilnefningu fyrir.

Davíð hefur starfað í öllum atvinnuleikhúsum landsins í sýningum á borð við Ríkharð III, Sýninguna sem klikkar, Shakespeare verður ástfanginn og Bæng!, sem var leikstýrt af Grétu Kristínu Ómarsdóttur.

Davíð er hluti af leikhópnum Elefant sem setti upp Íslandsklukkuna á síðasta leikári í samstarfi við Þjóðleikhúsið og hlaut Davíð sína aðra Grímutilnefningu fyrir túlkun sína á Magnúsi í Bræðratúngu.

Hann hefur farið með þó nokkur hlutverk í sjónvarpi, m.a. í Aftureldingu, The Flight Attendant og True Detective.

Davíð er einnig hluti af fjöllistahópnum Hatara og var nýlega kynntur sem annar aðal-söngvari hljómsveitarinnar.

# Eygló Hilmarsdóttir

Eygló Hilmarsdóttir útskrifaðist með B.A.-gráðu í sviðslistum af leikarabraut LHÍ vorið 2018. Eygló hefur frá unglingsaldri leikið í leikhúsi, kvikmyndum og sjónvarpi en hennar fyrsta hlutverk var í kvikmyndinni Gauragangi frá 2010 þar sem hún lék Höllu. Fyrsta hlutverk hennar í leikhúsi eftir útskrift var Helena í Jónsmessunæturdraumi í uppsetningu Þjóðleikhússins leikárið 2018–2019. Eygló er meðlimur í grínhópnum KANARÍ, sem hefur gert samnefndar þáttaraðir á RÚV og leiksýningar í Þjóðleikhúskjallaranum og Tjarnarbió. Hún lék Gunnhildi í kvikmyndinni Þorpið í Bakgarðinum frá 2021 og Helenu í Kennarastofunni, sem var frumsýnd í Sjónvarpi Símans í janúar 2024. Leikárið 2023–2024 leikur Eygló í Sundi með sviðslistahópnum Blautir búkar og Kvöldstund með Kanarí í Tjarnarbió, auk þess að leika Stefaníu í And Björk of Course hjá Leikfélagi Akureyrar.

# María Heba Þorkelsdóttir

María Heba Þorkelsdóttir útskrifaðist með BFA-gráðu frá Leiklistardeild Listaháskóla Íslands vorið 2003. Hún hefur jafnframt lokið B.A.-námi í almennri bókmenntafræði frá Háskóla Íslands og diplómanámi frá listkennsludeild Listaháskólans. María Heba hefur leikið í fjölda leikverka á sviði og í útvarpi. Hún er einn af stofnendum Kvenfélagsins Garps, sem sett hefur á svið fjölda sýninga. Með Kvenfélaginu Garpi lék María Heba í sýningunum Riddarar Hringborðsins með veskið að vopni í Listasafni Reykjavíkur og Gunnlaðar sögu í Hafnarfjarðarleikhúsinu.

Hún lék í Hárinu hjá Menningarfélagi alþýðunnar í Austurbæ og í Tjarnarbíói hefur hún leikið í sýningunum Útlenski drengurinn, Útundan og Old Bessastaðir auk sýningarinnar Þórbergur, verks um rithöfundinn Þórberg Þórðarson.

María Heba lék í (90)210 Garðabær sem sýnt var í Þjóðleikhúsinu. Auk þess lék hún í verkinu Stertabenda eftir þýska leikskáldið Marius von Mayenburg og *Insomnia* eftir Amalie Olesen.

Í Borgarleikhúsinu lék María Heba í sýningunni *In Transit*, sem var fjölþjóðlegt samstarfsverkefni með leikhópnum *Thalamus* og ferðaðist sú sýning til London, Osló og Edinborgar. Auk þess lék hún í *Hér og Nú!* en sú sýning var valin til sýninga á leiklistarhátíðinni í Tampere í Finnlandi árið 2008. Önnur verk sem María Heba hefur leikið í í Borgarleikhúsi eru *Ekki hætta að anda* eftir Auði Övu, *Lóaboratoríum* eftir Lóu Hlín Hjálmtýsdóttur, *Extravaganza* eftir Sölku Guðmundsdóttur og leikritið *Mæður*.

María Heba hefur leikið í fjölda kvikmynda og sjónvarpsþátta. Má þar telja *Okkar eigin Osló*, *Eiðurinn*, *Agnes Joy*, *Blóðbönd*, *Fólkið í blokkinni*, *Systrabönd*, *Kennarastofan*, *Áramótaskaup* og fleira.

Hún lék fyrst hjá Leikfélagi Akureyrar árið 2008 í verkinu *Dubbeldusch* eftir Björn Hlyn Haraldsson.

María Heba hefur tvívegis hlotið Edduverðlaun, árið 2012 fyrir hlutverk sitt í kvikmyndinni *Okkar eigin Osló* og árið 2022 fyrir *Systrabönd*.

# María Pálsdóttir

María Pálsdóttir er Eyfirðingur sem útskrifaðist úr Leiklistarskóla Íslands 1999, debúteraði hjá Leikfélagi Akureyrar í Klukkustrengjum eftir Jökul Jakobsson, fór til Finnlands í mastersnám í leiklist 2000–2001 og lék svo aftur með Leikfélagi Akureyrar í verkefnum vetrarins 2001–2002. Hún hefur leikið í Þjóðleikhúsinu, Borgarleikhúsinu, Hafnarfjarðarleikhúsinu og með sjálfstæðum leikhópum, stofnað tvo leikhópa; norræna leikhópinn Subfrau og Þörupilta, og skrifað, leikið og framleitt sýningar með báðum hópum. Hún lauk kennaraprófi frá KHÍ 2003 og leiðsögumannanámi frá EHÍ 2014. María stofnaði og rekur HÆLIÐ, setur um sögu berklanna á Kristnesi auk þess sem hún er upphafskona að Fiðringi á Norðurlandi, hæfileikakeppni ungmenna í anda Skrekks í Reykjavík. Í ár kennir hún einnig á sviðslistabraut Menntaskólans á Akureyri.

# Jón Gnarr

Jón Gnarr á langan feril að baki í sviðslistum bæði sem höfundur, leikari og leikstjóri. Hann hefur einnig leikið í fjölda sjónvarpsþátta á borð við Fóstbræður, þar sem hann var einn höfunda, að ógleymdum Nætur-, Dag- og Fangavaktinni þar sem hann gerði Georg Bjarnfreðarson ógleymanlegan. Jón hefur leikið í fjölda kvikmynda eins og Kona fer í stríð, Þorsti, Gullregn, Íslenski draumurinn og Maður eins og ég, til að nefna einhverjar. Hann hefur hlotið fjölda tilnefninga, verðlauna og viðurkenninga fyrir störf sín. Hann var valinn Leikari ársins á Edduverðlaununum 2001 og 2010 og hlaut tilnefningu til Grímuverðlauna fyrir leikritið SÚPER, sem sýnt var í Þjóðleikhúsinu 2019. Jón hefur einnig látið til sín taka í stjórnmálum og var borgarstjóri í Reykjavík fyrir hönd Besta flokksins 2010–2014 og hlaut friðarverðlaun Yoko Ono fyrir störf í þágu mannréttinda árið 2014. Árið áður var hann valinn Húmanisti ársins hjá Siðmennt. Hann hefur einnig samið fjölda laga í samstarfi við Sigurjón Kjartanson, bæði í útvarpsþættinum Tvíhöfða, sem hóf göngu sína 1996, og í Fóstbræðrum. Auk þess hefur hann skrifað margar bækur. Jón er með MFA-gráðu í sviðslistum frá Listaháskóla Íslands. Hann hefur samið og leikið fyrir bæði Borgar- og Þjóðleikhúsið og steig á svið fyrir Leikfélag Akureyrar í hlutverki sjálfs Skugga Sveins árið 2022. Jón snýr nú aftur í Samkomuhúsið í verkinu And Björk of course.

Sverrir Þór Sverrisson hefur komið víða við frá því að hann hóf feril sinn sem listamaður. Hann byrjaði sem dagskrárgerðarmaður hjá sjónvarpsstöðinni Popptíví árið 2000 í sjónvarpsþættinum 70 mínútur og þaðan lá leiðin upp á Stöð 2 þar sem hann var við gerð hinna ýmsu sjónvarpsþátta. Leikhúsið var nú aldrei langt undan, en hann hefur verið með annan fótinn þar frá því að hann lék Kalla á þakinu í Borgarleikhusinu. Ásamt Kalla hefur Sverrir verið í verkunum Gosi, Gauragangur, Ástin er diskó, Fame, Kardimommubærinn og Prinsinn, svo eitthvað sé nefnt. Sverrir hefur einnig sinnt yngri kynslóðinni með sjónvarpsþáttunum Algjör Sveppi og í kjölfarið fylgdu fjórar kvikmyndir með þeim félögum Sveppa, Villa og Góa.

**Sverrir Þór  
Sverrisson**



# Urður Bergsdóttir

Urður Bergsdóttir útskrifaðist af leikarabraut Listaháskóla Íslands árið 2021. Hún lék burðarhlutverk í útskriftarsýningu leikara á Krufningu á sjálfsmorði eftir Alice Birch í leikstjórn Mörtu Nordal og Önnu Mariú Tómasdóttur í Þjóðleikhúsinu og í samsköpunarverkinu Requiem for a woman undir stjórn leikstjórans Uršulè Barto í Litháen. Urður lék einnig í þáttaseríunum Sense8 í leikstjórn Lana og Lilly Wachowski.

Urður vann Músíktílaunir árið 2016 með hljómsveitinni Hórmónar og þar spilaði hún á rafmagnsbassa og söng. Nú er hún gítarleikari dans-performance-pönk-hljómsveitarinnar The Boob Sweat Gang, sem hefur komið fram á hátíðum eins og Reykjavík Dance Festival, Norðan Paunk og núna síðast á Upprásinni í Hörpu.

Nú er Urður mætt til leiks í hlutverki Mörtu í And Björk, of course.





# Listrænir stjórnendur

Höfundur

Leikstjóri

Leikmynd og búningar

Ljósahönnun

Tónlist

Hljóð

Sýningarstjóri

Aðstoð við búninga og leikmuni

Leikgervi

Leikmyndasmíði

Hár og smink á sýningum

Leikhússtjóri

**Þorvaldur Þorsteinsson**

**Gréta Kristín Ómarsdóttir**

**Brynja Björnsdóttir**

**Ólafur Ágúst Stefánsson**

**Axel Ingi Árnason og Pétur Karl Heiðarson**

**Gunnar Sigurbjörnsson**

**Þórunn Geirsdóttir**

**Björg Marta Gunnarsdóttir og Þórunn Geirsdóttir**

**Harpa Birgisdóttir**

**Björgvin Ploder og Ágúst Örn Pálsson**

**Harpa Birgisdóttir og Arney Ágústsdóttir**

**Marta Nordal**







# Gréta Kristín Ómarsdóttir

Gréta Kristín Ómarsdóttir er leikstjóri og dramaturg, dósent í sviðslistum og fagstjóri sviðshöfundabrautar við Sviðslistadeild Listaháskóla Íslands. Hún útskrifaðist með B.A.-gráðu frá sviðshöfundabraut LHÍ árið 2016 og lauk M.A.-gráðu í leikstjórn við Listaháskólann í Helsinki árið 2023.

Gréta hefur starfað við sviðslistir frá árinu 2016 og hefur leikstýrt sýningum í öllum helstu sviðslistastofnunum landsins og jafnframt í sjálfstæðu senunni en hún er einn stofnmeðlima og framleiðandi leikhópsins Stertabendu ásamt Bjarna Snæbjörnssyni. Meðal leikstjórnarverkefna Grétu eru Neptune eftir rússneska leikskáldið Veru Boitcova og Vinnukonurnar eftir Jean Genet í leikhúsi Teak í Helsinki, Góðan daginn, faggi, sem hefur verið sýnt um land allt og í Skotlandi, drag-óperan Die Schöne Müllerin eftir Schubert og Müller í Tjarnar-

bió, Ókunnugur eftir Kára Viðarsson í Frystiklefanum Rifi, Bæng! eftir Marius Von Mayenburg í Borgarleikhúsinu, Insomnia eftir danska leikskáldið Amalie Olesen í Þjóðleikhúsinu og Stertabenda eftir Marius von Mayenburg í Þjóðleikhúsinu.

Árin 2017–2020 var Gréta leiklistarráðunautur við Þjóðleikhúsið og stundakennari fræða við Sviðslistadeild Listaháskóla Íslands.

Árin 2020–2022 var Gréta listrænn stjórnandi Þjóðleikhúskjallarans og Loftsins í Þjóðleikhúsinu og lagði þar höfuðáherslu á aðgengi og inngildinguna jaðarsettra listforma og samfélagshópa. Gréta fékk Grímuverðlaunin sem Sproti ársins 2017 og var tilnefnd til Grímunnar sem leikstjóri ársins 2017 fyrir sýninguna Stertabendu og fyrir sýninguna Bæng! árið 2019.



# Brynja Björnsdóttir

Brynja Björnsdóttir útskrifaðist frá Myndlistardeild Listaháskóla Ísland árið 2008 með B.A.-gráðu í myndlist og með mastersgráðu í leikmyndahönnun frá The Royal Central School of Speech and Drama árið 2013. Hún hefur hannað leikmyndir fyrir fjölda verka í öllum helstu leikhúsum landsins. Þar á meðal eru Með guð í vasanum, Sölumaður deyr, Club Romantica, Kartöfluæturnar, Illska, Bláskjár og Hús Bernhörðu Alba í Borgarleikhúsinu, Til hamingju með að vera mannleg, Skrattinn úr sauðarleggnum og Hættuför í Huliðsdal í Þjóðleikhúsinu, Stroke, The last kvöldmáltíð, Hans Blær, Fyrirlestur um eitthvað fallegt og Súldarsker í Tjarnarbíó og Sjeikspír eins og hann leggur sig og Hamingjudagar hjá Leikfélagi Akureyrar.

Brynja er meðlimur í sviðslistahópnum 16 elskendur og hefur unnið með þeim sýningarnar Nígeríusvindlið, Sýning Ársins, Minnisvarði, Leitinn að tilgangi lífsins og ÍKEA-ferðir, sem sett var upp í Færeyjum á Norrænum sviðslistadögum.

16 elskendur hlutu viðurkenningu sem Sproti ársins á Grímuverðlaununum 2012. Brynja var tilnefnd fyrir leikmynd ársins fyrir Súldarsker á Grímuverðlaununum 2011. Brynja gerði leikmynd fyrir stuttmyndina Nýr dagur í Eyjafirði, sem hlaut Edduverðlaun sem stuttmynd ársins 2018. Brynja hefur kennt við sviðshöfundabraut LHÍ og er í stjórn FÍL og Félags leikmynda- og búningahöfunda. Brynja var fulltrúi Íslands á PQ 2023, alþjóðlegri sviðshönnunarhátíð.

# Gunnar Sigurbjörnsson

Gunnar Sigurbjörnsson hljóðhönnuður hefur hannað hljóð á yfir 90 uppsetningum fyrir Leikfélag Akureyrar allt frá árinu 1986. Meðal þeirra eru Fullorðin, Kabarett, Fló á skinni, Fúlar á móti, Litla hryllingsbúðin, Rocky Horror, 39 þrep, Gulleyjan, Öldin okkar og Kvenfólk í flutningi Hunds í óskilum. Nokkrir af þeim tónlistarmönnum og hljómsveitum sem hann hefur unnið með eru Magni, Bubbi Mortens, KK, Þursaflokkurinn, Stuðmenn, Nýdönsk og SSSól, og hann er einn af Hvanndalsbræðrum.

Sýningar sem Gunnar hefur unnið fyrir Leikfélag Reykjavíkur eru Mýs og menn, Bastarðar, Jeppi á fjalli, Billy Elliot, Mamma Mia og Rocky Horror, og núna síðast sá hann um hljóðhönnun á sýningunni 9 líf.

Ólafur Ágúst Stefánsson er sjálfstætt starfandi ljósameistari. Hann lærði ljósahönnun hjá Lárusi Björnsyni og hefur hannað lýsingu fyrir meira en 80 leiksyningar í atvinnuleikhúsi. Mest í Þjóðleikhúsinu en einnig fyrir sjálfstæða leikhópa, Þjóðleikhús Færeyinga, Þjóðleikhús Grænlandinga, Leikfélag Reykjavíkur, Listaháskóla Íslands og Leikfélag Akureyrar.

Hann hefur einnig mikla reynslu í ljósahönnun fyrir tónlistarviðburði.

Ólafur fékk Grímuna – Íslensku leiklistarverðlaunin vorið 2020 fyrir ljósahönnun ársins. Hann hefur einnig fengið fjölda annarra tilnefninga til sömu verðlauna og einnig til menningarverðlauna DV.

# Ólafur Ágúst Stefánsson

# Axel Ingi Árnason

Axel Ingi Árnason lauk meistaragraðu í tónsmíðum frá Listaháskóla Íslands árið 2020. Hann hefur sérhæft sig í tónlist fyrir leikhús og kvikmyndir. Hann hefur samið tónlist fyrir öll atvinnuleikhús Íslands en einnig með leikhópum í sjálfstæðu senunni. Auk tónsmíðanna sinnir Axel Ingi störfum sem píanóleikari og kórstjóri. Árið 2017 var Axel Ingi tilnendur til Maverick kvikmyndaverðlaunanna fyrir tónlist við kvikmyndina Restraint, sem hann samdi ásamt Hilmari Erni Hilmarssyni. Árið 2022 hlaut hann Grímutilnefningu fyrir bestu leikhústónlistina fyrir tónlistina í söngleiknum Góðan daginn faggi.

Pétur Karl Heiðarson lauk námi við British and Irish Modern Music Institute í Berlín árið 2019, þar sem hann starfar sem yfirmaður hljóðdeildar meðfram starfi sínu sem tónlistarmaður.

Pétur Karl hefur spilað sem hljóðfæraleikari með fjölbreyttum hópi tónlistarmanna víðsvegar um Evrópu auk þess að hafa samið tónlist fyrir auglýsingar og leikhús.


Nýlega sá Pétur um útsetningar og upptökustjórn á plötunni Góðan daginn, Faggi, sem innihélt meðal annars lag Hinsegin Daga 2023.

# Pétur Karl Heiðarson

# Harpa Birgisdóttir

Harpa Birgisdóttir hársnyrtimeistari og förðunarfræðingur starfar sem hársnyrtikennari og brautarstjóri hársnyrti-  
deildar við Verkmenntaskólann á Akureyri. Hún útskrifaðist sem hársnyrtisveinn árið 2000, frá lðnskólanum  
í Reykjavík. Harpa hefur starfað fyrir Leikfélag Akureyrar frá 2004, síðar Menningarfélag Akureyrar frá 2010.  
Fyrsta leiksýningin var Oliver Twist og síðan þá hefur Harpa komið að nánast öllum sýningum leikfélagsins með  
einum eða öðrum hætti. Hún hefur séð um hárgreiðslu, förðun, sýningarstjórn og sviðsmennsku, og síðustu 13  
árin hefur hún hannað leikgervi fyrir sýningar félagsins. Má þar nefna Rocky Horror, Gulleyjuna, Svörtu kómed-  
íuna, Fúlar á móti, Gallsteina afa Gissa, Vorið vaknar, Kabarett, Benedikt búalf, Skugga Svein, Litla skrímslið og  
stóra skrímslið og núna And Björk, of coure.









# Þakkir

Björgvin Ploder

Einar Rúnarsson

Hertex

Óskar Valgarðsson





# Stjórnin & Sinfonia Nord

HOF 28. MARS 2024